

Mál nr. 92/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Fjölskyldutrygging, réttaraðstoðartrygging.

Gildissvið váttryggingar. undanþáguákvæði váttryggingarskilmála.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18. mars. 2022, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 11. apríl 2022, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins sendi M tjónstilkynningu til V vegna réttaraðstoðar þann 18. febrúar 2022. Í málskoti kemur fram að M hafi með bréfi til Kærunefndar jafnréttismála óskað eftir því að nefndin kanni og taki afstöðu til þess hvort brotið hafi verið á honum við ráðningu annars umsækjanda í tiltekið starf þar sem M var meðal umsækjanda. Þá kemur fram að kostnaður hafi hlotist af vinnu lögmanna vegna reksturs málsins fyrir kærunefndinni.

M hefur telur greiðsluskyldu hafa myndast úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V vegna kostnaðar við málarekstur fyrir Kærunefnd jafnréttismála.

V hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til ákvæðis váttryggingarskilmála tryggingarinnar um að váttryggingin taki einungis til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausna dómstóla hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Mál M hafi ekki farið fyrir dómstóla og því hafi greiðsluskylda ekki stofnast.

Álit.

Í skilmála váttryggingarinnar kemur fram að váttryggingin taki til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómssátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Þá segir að sé um að ræða ágreining, sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi taki tryggingun einungis til kostnaðar sem stofnað er til að lokinni slíkrri meðferð.

Óumdeilt er að ágreiningur M hefur ekki komið til úrlausnar hjá íslenskum dómstólum. Með vísan til þess og að teknu tilliti til framangreinds ákvæðis váttryggingarskilmálans um gildissvið váttryggingarinnar er ljóst að ekki hefur stofnast greiðsluskylda úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík, 3. júní 2022.

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Guðmundur Stefán Martinsson